

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/33/EB

frá 30. júní 1997

### um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP)(\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 189. gr. b  
í sáttmálanum<sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar  
frá 19. mars 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frá 1. janúar 1998 að telja verða höft afnumin á framboði á fjarskiptaþjónustu og -grunnvirkjum með aðlögunartímabili fyrir tiltekin aðildarríki. Í ályktun ráðsins frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu<sup>(4)</sup> er viðurkennt að til að efla fjarskiptaþjónustu, sem nær til alls bandalagsins, þurfi að tryggja samtengingu almennra neta og, í samkeppnisumhverfi framtíðarinnar, samtengingu milli rekstraraðila sem starfa í hinum ýmsu aðildarríkjum og á bandalagsvísu. Í tilskipun 90/387/EBE frá 28 júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum<sup>(5)</sup> er mælt fyrir um samræmdar meginreglur um frjálsan og greiðan aðgang að og notkun á almennum fjarskiptanetum og, eftir því sem við á, fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Í ályktun ráðsins frá 22. júlí 1993 um endurskoðun aðstæðna á fjarskiptasviðinu og þörfina á frekari þróun þess markaðar<sup>(6)</sup> kemur fram að heppilegasta

leiðin til að samhæfa skilyrði fyrir samtengingu sé að gera ráðstafanir varðandi frjálsan aðgang að netum. Þessi samhæfing er nauðsynleg fyrir tilkomu og starfsemi hins innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu. Í ályktun ráðsins frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti<sup>(7)</sup> er viðurkennt að viðhald og þróun altækra þjónustu, svo og sérstök ákvæði um samtengingu, séu lykilatriði í tengslum við setningu þessara rammaákvæða og þar eru settar fram nokkrar viðmiðunarreglur um þessi málefni.

- 2) Þörf er á almennum lagaramma um samtengingu við almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, án tillits til þeirrar tækni sem er notuð, til að tryggja notendum í bandalaginu, enda á milli, rekstrarsamhæfða þjónustu. Forsenda fyrir þróun opin og samkeppnishæfs markaðar er að tryggja samtengingu og rekstrarsamhæfi réttlátlega, án mismununar og samkvæmt hlutfallsreglu.
- 3) Afnáms sérstakra réttinda og einkaréttar í fjarskiptum kallar á endurskoðun tiltekinna gildandi skilgreininga. Að því er þessa tilskipun varðar teljast útvarps- og sjónvarpssendingar ekki til fjarskiptaþjónustu. Tækniskilyrði, gjaldskrár og skilyrði fyrir notkun og afhendingu, sem gilda um samtengingu, geta verið frábrugðin skilyrðum sem gilda um skilfleti milli notenda og neta.
- 4) Rammaákvæðin um samtengingu gilda um það þegar samtengd net eru notuð til að veita fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg á viðskiptagrundvelli. Rammaákvæðin um samtengingu ná ekki yfir þau tilvik þar sem fjarskiptanet er notað til að veita fjarskiptaþjónustu, sem einungis er opin sérstökum notanda eða lokuðum hópi notenda, heldur aðeins tilvik þar sem fjarskiptanet er notað til að veita þjónustu sem er öllum aðgengileg. Samtengd fjarskiptanet geta verið í eigu viðkomandi aðila eða byggst á leigulínum og/eða flutningsgetu sem er ekki í eigu viðkomandi aðila.
- 5) Í kjölfar afnáms sérstakra réttinda og einkaréttar til fjarskiptaþjónustu og -grunnvirkja í bandalaginu getur reynst nauðsynlegt að framboð fjarskiptaneta og -þjónustu sé háð einhvers konar leyfisveitingu af hálfu aðildarríkjanna. Fyrirtækjum, sem hafa leyfi til að bjóða fram almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu í öllu bandalaginu eða hluta þess, ætti að vera frjálst að gera samninga um samtengingu á viðskiptagrundvelli í samræmi

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32, (tilskipun eins og henni var breytt með tilskipun 98/61/EB (Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37), var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. C 313, 24. 11. 1995, bls. 7.

(2) Stjtið. EB nr. C 153, 28. 5. 1996, bls. 21.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 14. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 69), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 220, 29. 7. 1996, bls. 13) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 19. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996, bls. 138). Ákvörðun ráðsins frá 2. júní 1997. Ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. júní 1997.

(4) Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 1.

(5) Stjtið. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 1.

(6) Stjtið. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.

(7) Stjtið. EB nr. C 258, 3. 10. 1995, bls. 1.

við lög bandalagsins, með fyrirvara um eftirlit af hálfu innlendra eftirlitsyfirvalda og afskipti ef þörf er á. Nauðsynlegt er að tryggja að í bandalaginu sé næg samtenging tiltekinna neta og rekstrarsamhæfi þjónustu sem eru nauðsynleg fyrir félagslega og efnahagslega velferð notenda innan bandalagsins, einkum að því er varðar net og þjónustu fyrir fasta almenna síma og farsíma og leigulínur. Í þessari tilskipun vísar hugtakið „almennur“ hvorki til eignarhalds né takmarkaðs fjölda framboða sem flokkast undir „almenn net“ eða „almenna þjónustu“ heldur merkir það hvers konar net eða þjónustu sem er gerð aðgengileg almenningi.

- 6) Nauðsynlegt er að skilgreina þau fyrirtæki sem hafa réttindi og skyldur í tengslum við samtengingu. Í því augnamiði að ýta undir þróun nýrra tegunda af fjarskiptaþjónustu er mikilvægt að stuðla að nýjum samtengingaradferðum og sérstökum netaðgangi að öðrum punktum en þeim nettengingipunktum sem flestum notendum standa til boða. Markaðsstaða fyrirtækis er háð ýmsum þáttum, þar á meðal markaðshlutdeild þess fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu á landfræðilega markaðinum sem um ræðir, veltu þess miðað við stærð markaðarins, getu þess til að hafa áhrif á markaðsaðstæður, stjórn þess á aðgangsléiðum að notendum, alþjóðasamböndum þess, aðgangi þess að fjármagni og reynslu af því að bjóða fram vörur og þjónustu á markaðinum. Rétt er að innlend eftirlitsyfirvöld ákvarði hvaða fyrirtæki hafi sterka markaðsstöðu og taki við það mið af aðstæðum á viðkomandi markaði.
- 7) Hugmyndin um altæka þjónustu þarf að próast í takt við tækniþróun, þróun markaðarins og breyttar kröfur notenda. Taka þarf hin nýju skilyrði fyrir veitingu altækra þjónustu til skoðunar þegar þessi tilskipun verður endurskoðuð.
- 8) Sú skylda að veita altæka þjónustu stuðlar að því að markmiði bandalagsins um efnahagslega og félagslega samheldni og jafnrétti milli landsvæða verði náð. Í hverju aðildarríki geta verið fleiri en eitt fyrirtæki sem hafa tekið á sig þá skuldbindingu að veita altæka þjónustu. Aðildarríkin ættu að stuðla að því að sem fyrst sé innleidd ný tækni á borð við stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN) á eins breiðum grundvelli og unnt er. Á því stigi sem þróun ISDN er nú í bandalaginu er það ekki aðgengilegt öllum notendum og fellur því ekki undir ákvæði þessarar tilskipunar um altæka þjónustu. Rétt er að huga að því innan tíðar hvort ISDN ætti að vera hluti af altækri þjónustu. Við útreikning á hreinum kostnaði við altæka þjónustu ber að taka fyllsta tillit til kostnaðar og tekna, auk utanaðkomandi þátta sem hafa áhrif á efnahag og óefnislegra hlunninda sem fylgja þeirri skyldu að veita altæka þjónustu, en sá útreikningur má ekki tefja yfirstandandi vinnu við að ná aftur jöfnuði í gjaldskrá. Reikna skal kostnað við skylduveitingu altækra þjónustu með gagnsæjum aðferðum. Fjárframlög, sem tengjast því að veiting altækra þjónustu er á hendi fleiri en eins aðila, skal greina frá samtengingargjöldum. Þegar

skuldbinding um altæka þjónustu er óeðlilega þung byrði fyrir fyrirtæki er rétt að aðildarríkið hafi heimild til að koma á fyrirkomulagi þar sem hreinum kostnaði vegna altækra veitinga fastrar almennrar simnetsþjónustu eða fastrar almennrar talsímaþjónustu er deilt með öðrum fyrirtækjum sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða talsímaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Þetta skal rúmast innan ramma meginreglna bandalagslaga, einkum jafnræðis- og hlutfallsreglnanna, og vera með fyrirvara um 2. mgr. 100. gr. a í sáttmálanum.

- 9) Mikilvægt er að mæla fyrir um meginreglur til að tryggja gagnsæi, aðgang að upplýsingum, jafnræði og jafnan aðgang, einkum þegar um er að ræða fyrirtæki með sterka markaðsstöðu.
- 10) Verðlagning samtengingar er lykilaðri í því að ákvarða með hvaða hætti aðlögunin að frjálsum markaði verður og hve hratt það gerist. Fyrirtæki með sterka markaðsstöðu verða að geta sýnt að samtengingargjöld þeirra séu ákveðin á grundvelli hlutlægra viðmiðana og samkvæmt meginreglum um gagnsæi og kostnaðartengingu og séu nægilega sundurgreind eftir þeim net- og þjónustuþáttum sem eru í boði. Birting lista yfir samtengingarþjónustu og -gjöld, skilmála og skilyrði stuðlar að nauðsynlegu gagnsæi og óhlutrægni. Hafa skal möguleika á sveigjanlegum aðferðum við gjaldtöku fyrir samtengingarumferð, meðal annars þannig að gjaldtaka geti byggst á flutningsgetu. Gjöldin ættu að stuðla að framleiðni og ýta undir markaðsaðgang skilvirkra og lífvænlegra fyrirtækja og þau ættu hvorki að vera undir mörkum, sem eru reiknuð samkvæmt langtímaspá um meðalkostnaðarauka og með aðferðum, sem eru notaðar við kostnaðarskiptingu, á grundvelli raunverulegs kostnaðar, né yfir þeim mörkum sem ákvarðast eingöngu af kostnaðinum við það að bjóða fram viðkomandi samtengingu. Samtengingargjöld, grundvöllur á verðstigi sem er nátengt langtímaspá um meðalkostnaðarauka við að veita aðgang að samtengingu, eru líkleg til að hvetja til hraðrar þróunar opins samkeppnismarkaðar.
- 11) Þegar fyrirtæki, sem hefur sérstök réttindi eða einkarétt utan fjarskiptasviðsins, veitir einnig fjarskiptaþjónustu er bókhaldslegur eða skipulagslegur aðskilnaður heppilegt úrræði til að vinna gegn óréttmætum vixlniðurgreiðslum, að minnsta kosti þegar komið er yfir vissar veltutölur í fjarskiptastarfsemi. Þegar fyrirtæki hefur sterka markaðsstöðu tryggir viðeigandi aðskilið bókhald á milli samtengingarstarfsemi og annarrar fjarskiptastarfsemi, þannig að hægt sé að greina alla þætti kostnaðar og tekna sem tengjast þeirri starfsemi, gagnsæi í kostnaðartilfærslum innan fyrirtækisins.
- 12) Innlend eftirlitsyfirvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að stuðla að þróun á samkeppnismarkaði í þágu notenda í bandalaginu og tryggja nægilega samtengingu neta og rekstrarsamhæfi þjónustu. Nægileg samtenging miðast við

að tekið sé tillit til beiðna rekstraradila sem óskar eftir samtengingu, einkum að því er varðar heppilegustu samtengingarpunktana, þar sem rekstraradilar bera ábyrgð á því að upphringingar komist til skila og krefja hver annan um gjöld að samtengingarpunkti. Innlend eftirlitsyfirvöld geta auðveldað samningaviðræður um samtengingu með því að setja sérstök skilyrði fyrirfram, í samræmi við lög bandalagsins og að teknu tilliti til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar, til að auðvelda þróun eiginlegs evrópsks heimamarkaðar, með því að ákvarða hvaða svið önnur skuli fjallað um í samtengingarsamningum. Ef ágreiningur rís vegna samtenginga milli aðila í sama aðildarríki verður sá aðili sem hallað er á að geta leitað til innlands eftirlitsyfirvalds um að leysa úr ágreiningnum. Innlend eftirlitsyfirvöld verða að geta krafist þess að fyrirtæki samtengi búnað sinn ef hægt er að sýna fram á að það sé til hagsbóta fyrir notendur.

- 13) Grunnkröfurnar, sem geta réttlætt takmarkanir á aðgangi að og notkun almennra fjarskiptaneta eða -þjónustu, samkvæmt tilskipun 90/387/EBE, takmarkast við rekstraröryggi og heildstæði netsins, rekstrarsamhæfi þjónustu í rökstuddum tilvikum og verndun gagna eftir því sem við á. Ástæður fyrir þessum takmörkunum skal gera heyrinkunnar. Ákvæði þessarar tilskipunar koma ekki í veg fyrir að aðildarríki grípi til ráðstafana, sem eru réttlætast með ástæðum sem raktar eru í 36. og 56. gr. sáttmáls, einkum vegna almannaöryggis, allsherjarreglu og almenns siðferðis.
  - 14) Hagkvæmt getur verið að samnýta aðstöðu vegna bæjarskipulags, umhverfisþátta eða efnahagslegra þátta eða annarra ástæðna og innlend eftirlitsyfirvöld ættu að hvetja til þess á grundvelli frjálsra samninga. Í sumum tilvikum getur skyldubundin samnýting aðstöðu hentað, en ekki ætti að skylda fyrirtæki til þess fyrr en haft hefur verið fullt samráð við almenning.
  - 15) Númerakerfi er lyklatríði í tengslum við jafnan aðgang. Til að tryggja virka samkeppni skulu innlend eftirlitsyfirvöld bera ábyrgð á stjórnun og eftirliti með innlendum númeraáætlunum og þeim sviðum fjarskiptaþjónustu sem lúta að úthlutun nafna og pósthanga þegar samræmingar er krafist á landsvísi. Þegar innlend eftirlitsyfirvöld gegna þessum skyldum ber þeim að taka tillit til hlutfallsreglunnar, einkum að því er varðar áhrif hvers konar ráðstafana á fjarskiptafyrirtæki, endurseljendur og neytendur. Númeraflutningur er mikilvæg þjónusta fyrir notendur og ætti að innleiða hana eins fljótt og gerlegt er. Þróa skal númeraskipulag í fullu samráði við alla hlutaðeigandi aðila og í samræmi við langtímaáætlanir um samevrópskt númerakerfi og alþjóðlegt númerakerfi sem er til athugunar hjá Samtökum póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT). Ef uppfylla á númeraþörfina í Evrópu, auka framboð samevrópskrar og nýrrar þjónustu og tryggja hnattrænan og samverkandi fjarskiptamarkað er nauðsynlegt
- að samræma afstöðu einstakra ríkja, í samræmi við sáttmálann, innan alþjóðastofnana og annars staðar á alþjóðavettvangi þar sem ákvarðanir um númerakerfi eru teknar.
  - 16) Samkvæmt tilskipun 90/387/EBE verður samhæfing tæknilegra skilflata og aðgangsskilyrða að byggjast á sameiginlegum tækniforskriftum sem taka mið af alþjóðlegri stöðlun. Nauðsynlegt getur reynst að þróa nýja evrópska staðla fyrir samtengingu. Í samræmi við tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða <sup>(1)</sup> er óheimilt að þróa nýja innlenda staðla á þeim sviðum þar sem verið er að setja samræmda evrópska staðla.
  - 17) Í samræmi við tilskipun 90/387/EBE skulu skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum vera gagnsæ og skal birta þau á viðeigandi hátt. Með þeirri tilskipun var komið á fót nefnd (nefnd um frjálsan netaðgang, ONP) til að aðstoða framkvæmdastjórnina og þar er kveðið á um málsmeðferð við samráð við fjarskiptafyrirtæki, notendur, neytendur, framleiðendur og þjónustuveitendur.
  - 18) Auk þess málskotsréttar sem kveðið er á um í innlendum lögum og lögum bandalagsins er þörf á einfaldri málsmeðferð til að leysa millilandaðeilur sem eru utan verksviðs einstakra innlendra eftirlitsyfivalda. Þessi málsmeðferð, sem er hafin að beiðni annars hvors deiluaðilans, skal vera fljótverk, ódýr og gagnsæ.
  - 19) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að fylgjast náið með beitingu þessarar tilskipunar er nauðsynlegt að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni hvaða innlend stjórnarstofnun ber ábyrgð á þeim aðgerðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og þeim stofnunum sem ákvæði hennar gilda um.
  - 20) Í ljósi þeirrar hröðu þróunar sem á sér stað á þessu sviði er rétt að komið verði á fljótverkri aðferð til að aðlaga suma af viðaukum þessarar tilskipunar, þar sem tekið er fullt tillit til sjónarmiða aðildarríkjanna og með þátttöku nefndarinnar um frjálsan netaðgang (ONP-nefndarinnar).
  - 21) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag <sup>(2)</sup> um ráðstafanir sem lúta að framkvæmd gerða sem samþykktar eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum.
  - 22) Efndir, að því er varðar tilteknar skuldbindingar, skal tengja við dagsetninguna fyrir afnám hafta á fjarskiptaþjónustu og –grunnvirkjum og taka ber fullt tillit til aðlögunartímabíla sem um er að ræða, einkum að því er varðar viðkomandi aðildarríki, þar á meðal þess að viðhalda sérstökum

(1) Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/139/EB (Stjtið. EB nr. L 32, 10. 2. 1996, bls. 31).

(2) Stjtið. EB nr. C 102, 4. 4. 1996, bls. 1.

réttindum eða einkarétti í tengslum við beina samtengingu milli farsímaneta í þeim aðildarríkjum og fastra neta eða farsímaneta í öðrum aðildarríkjum. Skjóta má á frest skuldbindingu um að bjóða fram númeraflutning ef framkvæmdastjórnin fellst á að sú skuldbinding myndi leggja óhóflegar byrðar á tiltekin fyrirtæki.

- 23) Þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa ekki staðfestu í bandalaginu kemur þessi tilskipun ekki í veg fyrir að gerðar séu ráðstafanir, í samræmi við lög bandalagsins og gildandi alþjóðlegar skuldbindingar, til að tryggja að ríkisborgarar aðildarríkjanna njóti svipaðrar meðferðar í þriðju löndum. Í þriðju löndum ættu fyrirtæki bandalagsins að njóta góðs af meðferð og virkum markaðsaðgangi sem eru sambærileg við þá meðferð og markaðsaðgang sem ríkisborgarar viðkomandi landa njóta í bandalaginu. Í samningaviðræðum um fjarskipti skal bandalagið leita eftir jafnvægum og marghliða samningi sem tryggir rekstraraðilum innan bandalagsins skilvirkan og sambærilegan aðgang í þriðju löndum.
- 24) Eigi síðar en 31. desember 1999 skal endurskoða hvernig tekist hefur til með framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum til að kanna umfang altæktrar þjónustu og tímaáætlun vegna númeraflutnings. Einnig skal kanna ástandið að því er varðar samtengingu við þriðju lönd með jöfnu millibili svo að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir.
- 25) Meginmarkmiðið með samtengingu netkerfa og rekstrarsamhæfi þjónustu í bandalaginu næst ekki með fullnægjandi hætti innan einstakra aðildarríkja og því er auðveldara að ná því á vettvangi bandalagsins með þessari tilskipun. Æskilegt er, þegar þessi tilskipun verður endurskoðuð, að leggja mat á það hvort setja skuli á stofn evrópskt eftirlitsyrivald, meðal annars að teknu tilliti til undirbúningsvinnu framkvæmdastjórnarinnar. Þegar virkri samkeppni er náð á markaðinum munu samkeppnisreglur sáttmálans í meginatriðum nægja til að hægt sé að fylgjast með því hvort samkeppni sé virt þannig að endurmeta megi þörfina fyrir þessa tilskipun, að undanskildum ákvæðunum um altæka þjónustu og lausn deilumála.
- 26) Þessi tilskipun er með fyrirvara um beitingu samkeppnisreglna sáttmálans.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Gildissvið og markmið

Með þessari tilskipun eru sett rammaákvæði til að tryggja samtengingu fjarskiptaneta innan bandalagsins, þó einkum rekstrarsamhæfi þjónustu og með það fyrir augum að tryggja framboð altæktrar þjónustu, í umhverfi frjáls samkeppnismarkaðar.

Í henni er fjallað um samhæfingu skilyrða fyrir frjálsum og skilvirkum samtengingum og aðgangi að almennum fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „samtenging“: efnisleg og rökleg tenging fjarskiptaneta sem eitt eða fleiri fyrirtæki nota til að gera notendum eins fjarskiptafyrirtækis kleift að hafa samskipti við notendur sama eða annars fyrirtækis eða nýta sér þjónustu sem önnur fyrirtæki veita. Þjónustan kann að vera veitt af þeim aðilum sem hlut eiga að máli eða öðrum aðilum sem hafa aðgang að netinu;
- b) „almennt fjarskiptanet“: fjarskiptanet sem er notað, í heild eða að hluta, til að veita fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;
- c) „fjarskiptanet“: sendibúnaður og, ef við á, skiptibúnaður og annar búnaður sem gerir kleift að flytja merki milli skilgreindra tengipunkta með rafþræði, með útvarpsbylgjum, ljóstæknilögum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum;
- d) „fjarskiptaþjónusta“: þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að senda og beina merkjum um fjarskiptanet, að undanskildum hljóðvarps- og sjónvarpssendingum;
- e) „notendur“: einstaklingar, þar á meðal neytendur, eða fyrirtæki sem nota eða biðja um fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;
- f) „sérstök réttindi“: réttindi sem aðildarríki veitir takmörkuðum fjölda fyrirtækja, á grundvelli laga eða stjórnáslufyrirmæla og takmarkar, á tilteknu landsvæði, fjölda þeirra fyrirtækja, sem fá heimild til að veita þjónustu eða stunda starfsemi, við tvö eða fleiri á forsendum sem eru hvorki hlutlægar né byggja á jafnræðis- og hlutfallsreglum eða tilnefnir, á öðrum forsendum en þeim sem að framan greinir, allmörg samkeppnisfyrirtæki sem fá að veita þjónustu eða stunda starfsemi eða hygglir einu eða fleiri fyrirtækjum lagalega eða réttarfarslega, á öðrum forsendum en að framan greinir, sem hefur veruleg áhrif á möguleika annarra fyrirtækja til að veita sömu þjónustu eða stunda sömu starfsemi á sama landsvæði við skilyrði sem eru samsvarandi í öllum aðalatriðum;
- g) „altæk þjónusta“: skilgreind lágmarksþjónustuheild með tilteknum gæðum sem allir notendur eiga kost á óháð staðsetningu og, miðað við tilteknar innlendar aðstæður, á viðráðanlegu verði;

2. Frekari skilgreiningar í tilskipun 90/387/EBE gilda eftir því sem við á.

3. gr.

**Samtenging á innlendum vettvangi og vettvangi bandalagsins**

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að afnema hvers konar höft sem hindra fyrirtæki, sem hafa heimild aðildarríkja til að starfrækja almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, í því að gera samninga um samtengingu sín á milli í samræmi við lög bandalagsins. Þetta gildir hvort sem fyrirtækin eru í sama aðildarríki eða sitt í hverju aðildarríkinu. Tæknilegt og viðskiptalegt fyrirkomulag samtengingar skal vera samkomulagsatriði viðkomandi aðila í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og samkeppnisreglur sáttmálans.

2. Aðildarríkin skulu tryggja fullnægjandi og skilvirka samtengingu almennra fjarskiptaneta, sem eru tilgreind í I. viðauka, að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja rekstrarsamhæfi þessarar þjónustu fyrir alla notendur innan bandalagsins.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirtæki, sem samtengja búnað sinn við almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, virði undantekningarlaust leynd þeirra upplýsinga sem eru sendar eða geymdar.

4. gr.

**Réttindi og skyldur vegna samtengingar**

1. Fyrirtæki sem hafa heimild til að starfrækja almennt fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, sem fjallað er um í II. viðauka, skulu hafa rétt og, þegar fyrirtæki í sama flokki fara fram á það, einnig skyldur hvað það varðar að semja um samtengingu hvert við annað með það fyrir augum að veita þá þjónustu sem um ræðir svo að tryggt sé að umrædd net og þjónusta verði boðin fram hvarvetna í bandalaginu. Í einstökum tilvikum getur viðkomandi innlent eftirlitsyfirvald samþykkt að takmarka þessa skyldu tímabundið á þeim forsendum að aðrir vænlegir kostir séu fyrir hendi, tæknilega og viðskiptalega, í stað umbedinnar samtengingar og að sú samtenging sé óheppileg miðað við þau úrræði sem eru fyrir hendi til að verða við beiðninni. Allar slíkar takmarkanir, sem innlent eftirlitsyfirvald setur, skulu byggðar á gildum rökum og gerðar heyrinkunnar í samræmi við 2. mgr. 14. gr.

2. Fyrirtæki sem hafa sterka markaðsstöðu og heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, sem fjallað er um í I. viðauka, skulu sinna öllum réttmætum beiðnum um aðgang að netinu, þar á meðal aðgang að öðrum punktum en nettengipunktunum sem flestum notendum stendur til boða.

3. Fyrirtæki telst hafa sterka markaðsstöðu ef það hefur meira en 25% markaðshlutdeild á tilteknum fjarskiptamarkaði á því landsvæði aðildarríkis þar sem það hefur leyfi til að starfa.

Innlend eftirlitsyfirvöld geta engu að síður ákvarðað að fyrirtæki, sem hefur innan við 25% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði, hafi sterka markaðsstöðu. Þau geta einnig ákvarðað að fyrirtæki, sem hefur meira en 25% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði, hafi ekki sterka markaðsstöðu. Í hvoru tilvikinu um sig skal við ákvörðun taka mið af getu fyrirtækisins til að hafa áhrif á markaðsaðstæður, veltu þess miðað við stærð markaðarins, yfirráðum þess yfir aðgangsleiðum notenda, aðgangi þess að fjármagni og reynslu af því að bjóða fram vörur og þjónustu á markaðinum.

5. gr.

**Samtenging og framlög vegna altækrar þjónustu**

1. Þegar aðildarríki ákvarðar, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, að sú skylda að veita altæka þjónustu séu óeðlilega þung byrði fyrir fyrirtæki skal það koma á fyrirkomulagi þar sem hreinum kostnaði vegna skyldunnar að veita altæka þjónustu er deilt með öðrum fyrirtækjum sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða talsímabjónustu sem er öllum aðgengileg. Þegar aðildarríkin ákveða upphæð framlaga skulu þau taka fyllsta tillit til gagnsæis-, hlutfalls- og jafnræðisreglna. Aðeins má fjármagna almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, sem um getur í 1. hluta I. viðauka, á þennan hátt.

2. Framlög vegna kostnaðar samfara þeirri skyldu að veita altæka þjónustu, ef einhver er, má innheimta með fyrirkomulagi sem er sérstaklega komið á í því skyni og stjórnað af aðila, óháðum þeim sem taka eiga við framlaginu, og/eða geta verið í formi viðbótargjalds sem bætist við samtengingargjaldið.

3. Fyrirtæki, sem hafa skuldbundið sig til að veita altæka þjónustu, skulu, til að ákvarða byrðina sem veiting altækrar þjónustu hefur í för með sér, ef einhver er, reikna út hreinan kostnað við slíkar skuldbindingar, að beiðni innlends eftirlitsyfirvalds, í samræmi við III. viðauka. Innlenda eftirlitsyfirvaldið eða annar þar til bær aðili, óháður viðkomandi fjarskipta-fyrirtækjum og samþykktur af innlenda eftirlitsyfirvaldinu, endurskoðar útreikninginn á hreinum kostnaði vegna veitingar altækrar þjónustu. Niðurstöður kostnaðarútreikningsins og niðurstöður endurskoðunarinnar skulu birtar almenningi í samræmi við 2. mgr. 14. gr.

4. Þegar réttmætt getur talist, á grundvelli útreiknings á nettókostnaði sem um getur í 3. mgr. og að teknu tilliti til markaðsávinninga fyrirtækisins sem veitir altæka þjónustu, ef einhver er, skulu innlend eftirlitsyfirvöld ákveða hvort rétt sé að taka upp sérstakt fyrirkomulag fyrir skiptingu hreins kostnaðar vegna skuldbindinga um að veita altæka þjónustu.

5. Þegar komið er á fyrirkomulagi fyrir skiptingu kostnaðar vegna skuldbindinga um að veita altæka þjónustu, eins og um getur í 4. mgr., skal innlent eftirlitsyfirvald sjá til þess að almenningur geti kynnt sér meginreglur um kostnaðarskiptingu og nákvæmar upplýsingar um það fyrirkomulag, í samræmi við 2. mgr. 14. gr.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að árlega sé birt skýrsla þar sem reiknaður kostnaður vegna skyldunnar að veita altæka þjónustu kemur fram og einnig framlög allra aðila sem tengjast málinu.

6. Þar til málsmeðferðin, sem er lýst í 3., 4. og 5. mgr., kemur til framkvæmda skal tilkynna innlendu eftirlitsyfirvaldi um öll gjöld, sem samtengingaradilum ber að greiða og fela í sér kostnað eða eru hluti af kostnaði við þá skuldbindingu að veita altæka þjónustu, áður en þau eru lögð á. Ef innlent eftirlitsyfirvald ákveður, að eigin frumkvæði eða eftir að rökstudd beiðni kemur fram frá aðila sem á hagsmuna að gæta, að slík gjöld séu of há skal þess krafist að viðkomandi fyrirtæki lækki gjaldið, samanber þó 17. gr. þessarar tilskipunar. Slíkum lækkunum skal beita afturvirkir frá þeim degi er gjöldin voru lögð á, en ekki fyrir 1. janúar 1998.

6. gr.

#### Jafnræði og gagnsæi

Við samtengingu við almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, sem fjallað er um í I. viðauka og er veitt af fyrirtækjum sem innlend eftirlitsyfirvöld hafa tilkynnt að hafi sterka markaðsstöðu, skulu aðildarríkin tryggja að:

- viðkomandi fyrirtæki fylgi meginreglunni um jafnræði að því er varðar samtengingu sem öðrum er boðin. Þau skulu beita svipuðum skilyrðum við svipaðar aðstæður gagnvart samtengdum fyrirtækjum, sem veita svipaða þjónustu og láta öðrum í té samtengingarbúnað og upplýsingar með sömu skilyrðum og af sömu gæðum og þau veita vegna eigin þjónustu, eða þjónustu dótturfyrirtækja sinna eða samstarfsaðila;
- allar nauðsynlegar, umbeðnar upplýsingar og forskriftir séu látnar þeim fyrirtækjum í té sem hugleiða samtengingu, til að auðvelda samningagerð. Í upplýsingum, sem eru veittar, skulu koma fram áætlanir um breytingar, sem fyrirhugað er að verði gerðar næstu sex mánuði, nema innlent eftirlitsyfirvald hafi samþykkt annað;
- samningar um samtengingu séu tilkynntir til viðkomandi innlends eftirlitsyfirvalds og samkvæmt beiðni látnir í té hagsmunaaðilum, í samræmi við 2. mgr. 14. gr., að undanskildum þeim hluta þeirra sem fjallar um viðskiptaáform aðilanna. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal ákvarða hvaða hlutar fjalla um viðskiptaáform aðilanna. Í

öllum tilvikum skal láta hagsmunaaðilum í té, samkvæmt beiðni, nákvæmar upplýsingar um samtengingargjöld, -skilmála og -skilyrði og öll framlög vegna skuldbindinga um að veita altæka þjónustu;

- upplýsingar frá fyrirtæki sem óskar eftir samtengingu séu aðeins hafðar til þeirra nota sem þeim var ætlað. Ekki skal senda þær til annarra deilda, dótturfyrirtækja eða samstarfsaðila sem gætu nýtt sér slíkar upplýsingar í samkeppni.

7. gr.

#### Meginreglur um samtengingargjöld og kostnaðarbókhald

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ákvæðum 2. til 6. mgr. sé beitt gagnvart fyrirtækjum sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, eins og tilgreint er í 1. og 2. hluta I. viðauka, og sem innlend eftirlitsyfirvöld hafa tilkynnt að hafi sterka markaðsstöðu.

2. Samtengingargjöld skulu vera í samræmi við meginregluna um gagnsæi og kostnaðartengingu. Sönnunarbyrði fyrir því að gjöld séu byggð á raunverulegum kostnaði, þar á meðal sanngjörnum hagnaðarhlut af fjárfestingu, skal hvíla á fyrirtækinu sem lætur í té samtengingu við búnað sinn. Innlend eftirlitsyfirvöld geta krafist fyrirtæki um fullan rökstuðning fyrir samtengingargjöldum sínum og krafist þess að gjöld séu leiðrétt þegar það á við. Þessi málsgrein gildir einnig um fyrirtæki sem fjallað er um í 3. hluta I. viðauka og innlend eftirlitsyfirvöld hafa tilkynnt að hafi sterka markaðsstöðu á innlenda samtengingarmarkaðinum.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að viðmiðunartilboð um samtengingu sé birt, í samræmi við 1. mgr. 14 gr. Í viðmiðunartilboði um samtengingu skal vera lýsing á samtengingartilboðum sem hafa verið sundurliðuð samkvæmt þörfum markaðarins og tengdum skilmálum og skilyrðum, þar á meðal gjaldskrá.

Hægt er að hafa mismunandi gjaldskrár, skilmála og skilyrði fyrir ólíka flokka fyrirtækja sem hefur verið heimilað að starfrækja net og netþjónustu ef hægt er að færa hlutlæg rök fyrir þeim mun á grundvelli þeirrar tegundar af samtengingu sem er veitt og/eða gildandi innlendra leyfisskilyrða. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að slíkur munur raski ekki samkeppni og einkum að viðkomandi fyrirtæki noti viðeigandi gjaldskrár, skilmála og skilyrði þegar það veitir samtengingu við eigin þjónustu eða þjónustu dótturfyrirtækja sinna eða samstarfsaðila, í samræmi við a-lið 6. gr.

Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal vera til þess bært að gera breytingar á viðmiðunartilboðinu um samtengingu ef til þess liggja gild rök.

Í IV. viðauka er skrá með dæmum um þætti sem varða frekari útfærslu samtengingargjalda, uppbyggingu gjaldskráa og gjaldskráreininga. Ef fyrirtæki gerir breytingar á áður birtu viðmiðunartilboði um samtengingu geta leiðréttingar, sem innlenda eftirlitsyfirvaldið krefst, verið afturvirkar frá þeim degi er breytingin var gerð.

4. Gjöld fyrir samtengingu skulu, í samræmi við lög bandalagsins, vera nægilega sundurgreind til að umsækjandi sé ekki krafinn um greiðslu fyrir neitt sem er ekki nátengt umbeðinni þjónustu.

5. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 15. gr., semja tilmæli um rekstrarbókhaldskerfi og aðskilið bókhald vegna samtenginga. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að rekstrarbókhaldskerfin, sem viðkomandi fyrirtæki nota, séu heppileg til framkvæmdar kröfum þessarar greinar og að skráning í þau sé nægilega nákvæm eins og tilgreint er í V. viðauka.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að hægt sé að fá lýsingu á rekstrarbókhaldskerfinu þar sem fram koma helstu flokkar kostnaðar og reglur, sem eru notaðar við skiptingu kostnaðar vegna samtengingar, ef um það er beðið. Innlenda eftirlitsyfirvaldið eða annar þar til bær aðili, óháður fjarskiptafyrirtækinu og viðurkenndur af innlenda eftirlitsyfirvaldinu, skal sannreyna að reglur um rekstrarbókhaldskerfið séu virtar. Árlega skal birta greinargerð um það hvort farið sé eftir reglunum.

6. Ef um er að ræða gjöld í tengslum við skiptingu kostnaðar vegna skuldbindinga um að veita altæka þjónustu, eins og lýst er í 5. gr., skal sundurgreina þau og gefa þau upp sérstaklega.

8. gr.

#### Aðskilið bókhald og fjárhagsskýrslur

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fyrirtæki, sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg og hafa sérstök réttindi eða einkarétt til að veita þjónustu á öðrum sviðum innan sama eða annars aðildarríkis, færi aðskilið bókhald yfir fjarskiptastarfsemi, að því marki sem krafist væri ef lagalega óháð fyrirtæki stunduðu viðkomandi fjarskiptastarfsemi, þannig að hægt sé að greina alla kostnaðar- og tekjuliði, ásamt grundvelli fyrir útreikningi þeirra og upplýsingum um hvaða aðferðir eru notaðar, sem tengjast fjarskiptastarfsemi þeirra, auk nákvæmrar sundurliðunar fastafjármuna og skipulagskostnaðar eða að fjarskiptastarfsemin sé skipulagslega aðskilin.

Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki þeim kröfum sem um getur í 1. undirgrein gagnvart þeim fyrirtækjum þar sem ársveltan í fjarskiptastarfsemi innan bandalagsins er undir þeim mörkum sem koma fram í 1. hluta VI. viðauka.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fyrirtæki, sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, eins og kemur fram í 1. og 2. hluta I. viðauka, og sem innlend eftirlitsyfirvöld hafa tilkynnt að hafi sterka markaðsstöðu og sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu fyrir notendur og sem veita öðrum fyrirtækjum samtengingarþjónustu, færi aðskilið bókhald, annars vegar yfir starfsemi sem tengist samtengingu - bæði eigin samtengingarþjónustu og samtengingarþjónustu sem er veitt öðrum - og hins vegar yfir aðra starfsemi, þannig að fram komi allir kostnaðar- og tekjuliðir, ásamt grundvelli fyrir útreikningi þeirra og upplýsingum um hvaða aðferðir eru notaðar, sem tengjast samtengingarstarfsemi þeirra, auk nákvæmrar sundurliðunar fastafjármuna og skipulagskostnaðar.

Aðildarríki getur ákveðið að beita ekki þeim kröfum sem um getur í fyrstu undirgrein gagnvart þeim fjarskiptafyrirtækjum þar sem ársveltan í fjarskiptastarfsemi innan bandalagsins er undir þeim mörkum sem koma fram í 2. hluta VI. viðauka.

3. Fyrirtæki, sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, skulu án tafar veita innlendu eftirlitsyfirvaldi fjárhagslegar upplýsingar, ef um þær er beðið, eins sundurliðaðar og með þarf. Innlend eftirlitsyfirvöld geta birt slíkar upplýsingar ef það stuðlar að frjálsum samkeppnismarkaði, að teknu tilliti til viðskiptaleyndar.

4. Fyrirtæki, sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, skulu semja fjárhagsskýrslur, láta óháðan endurskoðanda endurskoðaða þær og birta þær. Endurskoðunin skal fara fram í samræmi við lög og reglur viðkomandi lands.

Fyrsta undirgrein gildir einnig um aðskilda reikninga sem krafist er samkvæmt 1. og 2. mgr.

9. gr.

#### Almenn ábyrgð innlendra eftirlitsyfirvalda

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu hvetja til og tryggja nægilega samtengingu í þágu allra notenda og sinna þeirri skyldu á þann hátt að það gefi hámarksarð og sé til sem mestra hagsbóta fyrir notendur. Eftirlitsyfirvöld einstakra ríkja skulu einkum taka tillit til:

- nauðsynjar þess að tryggja fullnægjandi fjarskipti notenda enda á milli,
- nauðsynjar þess að örva samkeppnismarkað,
- nauðsynjar þess að tryggja réttláta og eðlilega þróun samhæfðs fjarskiptamarkaðar í Evrópu,
- nauðsynjar samstarfs við samsvarandi aðila í aðildarríkjunum,

- nauðsynjar þess að hvetja til stofnunar og þróunar samevrópskra neta og þjónustu og samtengingar innlendra neta og rekstrarsamhæfis þjónustu, svo og aðgangs að slíkum netum og þjónustu,
- jafnræðsreglunnar (þar á meðal um jafnan aðgang) og hlutfallsreglunnar,
- nauðsynjar þess að viðhalda og þróa altæka þjónustu.

2. Almenn skilyrði, sem innlent eftirlitsfirvald setur fyrirfram, skal birta í samræmi við 1. mgr. 14. gr.

Vegna samtengingar milli fyrirtækja, sem fram kemur í II. viðauka, gildir það einkum að innlend eftirlitsfirvöld:

- geta sett skilyrði fyrirfram sem talin eru upp í 1. hluta VII. viðauka,
- skulu stuðla að því að samtengingarsamningar taki til þeirra atriða sem talin eru upp í 2. hluta VII. viðauka.

3. Til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í 1. mgr. geta innlend eftirlitsfirvöld hvenær sem er gripið inn í, að eigin frumkvæði, og þeim ber skylda til að gera svo ef annar hvor aðilinn krefst þess til þess að tilgreina atriði sem samtengingarsamningar skulu fjalla um eða til að mæla fyrir um sérstök skilyrði sem einn eða fleiri aðilar að slíkum samningi skulu virða. Innlend eftirlitsfirvöld geta við sérstakar aðstæður krafist breytinga á samtengingarsamningum sem þegar hafa verið gerðir þegar það er réttlæt看legt til að tryggja virka samkeppni og/eða rekstrarsamhæfi þjónustu fyrir notendur.

Skilyrði, sem innlend eftirlitsfirvöld setja, geta meðal annars verið skilyrði sem ætlað er að tryggja virka samkeppni, tækniskilyrði, gjaldskrár, framboðs- og notkunarskilyrði, skilyrði varðandi samræmi við viðeigandi staðla, að grunnkröfur séu uppfylltar, vernd umhverfisins og/eða að gæði þjónustu við notendur séu tryggð enda á milli.

Innlent eftirlitsfirvald getur hvenær sem er, að eigin frumkvæði eða ef annar hvor aðilinn krefst þess, sett tímamörk um það hvenær samningaviðræðum um samtengingu skuli vera lokið. Ef samningur hefur ekki náðst innan settra tímamarka skal innlenda eftirlitsfirvaldið gera ráðstafanir til þess að koma á samningi samkvæmt málsmeðferð sem það ákveður. Almenningsi skal gert kleift að fylgjast með þessari málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 14. gr.

4. Þegar fyrirtæki, sem heimilað er að bjóða fram almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu, gerir samtengingarsamning við aðra aðila skal innlenda eftirlitsfirvaldið hafa heimild til að skoða alla þætti slíkra samtengingarsamninga.

5. Þegar ágreiningur kemur upp milli fyrirtækja í aðildarríki vegna samtengingar skal innlent eftirlitsfirvald í því ríki, að beiðni annars hvors aðilans, gera ráðstafanir til þess að leysa ágreininginn innan sex mánuða frá því að beiðnin berst. Lausn ágreinings skal fela í sér sanngjarnt jafnvægi milli réttmætra hagsmuna beggja aðila.

Í því sambandi skal innlenda eftirlitsfirvaldið meðal annars taka tillit til:

- hagsmuna notenda,
- lagalegra skyldna eða hamla sem eru lagðar á aðila,
- þess að æskilegt er að örva nýsköpun í tilboðum á markaði og að veita notendum aðgang að viðu sviði fjarskiptaþjónustu innanlands og á bandalagsvisu,
- þess hvort aðrir vænlegir kostir séu fyrir hendi, tæknilega og viðskiptalega, en sú samtenging sem farið er fram á,
- þess að eftirsóknarvert er að tryggja fyrirkomulag með jöfnum aðgangi fyrir alla,
- nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði almenna fjarskiptanetsins og rekstrarsamhæfi þjónustu,
- þess hvers eðlis beiðnin er miðað við þau úrræði sem eru fyrir hendi til að verða við beiðninni,
- hlutfallslegrar markaðsstöðu aðilanna,
- almannahagsmuna (t.d. umhverfisverndar),
- þess að auka ber samkeppni,
- nauðsynjar þess að viðhalda altækri þjónustu.

Ákvörðun innlends eftirlitsfirvalds um málið skal gerð heyrinkunn almenningsi í samræmi við innlendar reglur. Hlutaðeigandi aðilar skulu fá allar upplýsingar um forsendur að baki ákvörðuninni.

6. Í tilvikum þar sem fyrirtæki, sem hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, hafa ekki samtengt búnað sinn skulu innlend eftirlitsfirvöld hafa heimild til, í samræmi við hlutfallsregluna og með hagsmuni notenda að leiðarljósi, að grípa til þess sem síðasta úrræðis að krefjast þess að viðkomandi fyrirtæki samtengi búnað sinn til að vernda almannahagsmuni og, eftir því sem við á, hafa heimild til að setja samtengingarskilmála.



## 10. gr.

**Grunnkröfur**

Með fyrirvara um aðgerðir, sem kann að verða gripið til í samræmi við 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE, skulu grunnkröfurnar sem eru tilgreindar í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/387/EBE, gilda, að því er þessa tilskipun varðar, um samtengingu við almenn fjarskiptanet og/eda fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg eins og kemur fram í a- til d-lið þessarar greinar.

Þegar innlent eftirlitsyfirvald setur skilyrði sem byggjast á grunnkröfum í samtengingarsamningum skal birta þessi skilyrði á þann hátt sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 14. gr.

- a) *Rekstraröryggi netsins*: Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðgengi að almennum fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg haldist við aðstæður eins og stórfellt hrun netsins eða við óviðráðanlegar aðstæður eins og aftakaveður, jarðskjálfta, flóð, eldingar eða eldsvoða.

Ef upp koma aðstæður sem um getur í fyrstu undirgrein skulu viðkomandi aðilar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að halda uppi hæsta mögulega þjónustustigi til að uppfylla þær forgangskröfur sem þar til bær innlend yfirvöld ákveða.

Sú nauðsyn að uppfylla þessar kröfur er ekki gild ástæða fyrir því að neita að semja um samtengingarskilmála.

Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal enn fremur sjá til þess að öll skilyrði fyrir samtengingu, sem tengjast öryggi netkerfa í neyðartilvikum, séu í samræmi við hlutfalls- og jafnræðisregluna og byggð á hlutlægum viðmiðunum sem eru settar fyrirfram.

- b) *Að viðhalda heildstæði netsins*: Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að heildstæði almennra fjarskiptaneta sé viðhaldið. Sú nauðsyn að viðhalda heildstæði netsins er ekki gild ástæða fyrir því að neita að semja um samtengingarskilmála. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal sjá til þess að öll skilyrði fyrir samtengingu, sem tengjast því að viðhalda heildstæði netkerfa séu í samræmi við hlutfalls- og jafnræðisregluna og byggð á hlutlægum viðmiðunum sem eru settar fyrirfram.
- c) *Rekstrarsamhæfi þjónustu*: Aðildarríkin geta sett skilyrði í samtengingarsamninga til að tryggja rekstrarsamhæfi þjónustu, þar á meðal skilyrði sem eru sett til að tryggja fullnægjandi gæði enda á milli. Slík skilyrði geta verið um samræmi við sérstaka tæknistaðla eða -forskriftir eða starfsreglur sem markaðsaðilarnir koma sér saman um.

- d) *Verndun gagna*: Aðildarríkin geta sett skilyrði í samtengingarsamningum til að tryggja vernd gagna, að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að farið sé að gildandi ákvæðum í lögum bandalagsins um vernd gagna, þar á meðal vernd persónuupplýsinga, leynd upplýsinga sem eru notaðar í gagnavinnslu, fluttar eða geymdar og friðhelgi einkalífisins.

## 11. gr.

**Sameiginleg staðsetning og samnýting aðstöðu**

Ef fyrirtæki sem starfrækir almennt fjarskiptanet og/eda fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg hefur leyfi, samkvæmt innlendum lögum til að koma sér upp aðstöðu á, yfir eða undir landi í almenningseigu eða einkaeigu, eða nýtir sér reglur um eignarnám eða afnot af eign, skulu innlend eftirlitsyfirvöld stuðla að því að slík aðstaða og/eda eign sé samnýtt með öðrum fyrirtækjum sem starfrækja fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, einkum þar sem öðrum fyrirtækjum bjóðast ekki aðrir vænlegir kostir vegna grunnkrafta.

Samningar um sameiginlega staðsetningu og samnýtingu aðstöðu eru alla jafna hluti af viðskiptalegum og tæknilegum samningum milli aðilanna sem hlut eiga að máli. Innlenda eftirlitsyfirvaldið getur gripið inn í til að leysa ágreining, eins og um getur í 9. gr.

Aðildarríki geta ekki fyrirskipað samnýtingu aðstöðu og/eda eigna (meðal annars efnislega sameiningu) fyrr en að höfðu samráði við almenning í hæfilega langan tíma þar sem allir hagsmunaaðilar verða að fá tækifæri til að láta álit sitt í ljós. Í slíku fyrirkomulagi geta falist reglur um að skipta kostnaði við samnýtingu aðstöðu og/eda eigna.

## 12. gr.

**Úthlutun númera**

- Aðildarríkin skulu sjá til þess að nægur fjöldi númera og númeraraða sé til ráðstöfunar fyrir alla fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.
- Til að tryggja fullt rekstrarsamhæfi netkerfa og þjónustu, sem ná til allrar Evrópu, skulu aðildarríkin, í samræmi við sáttmálann, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmda afstöðu ríkjanna innan alþjóðastofnana og annars staðar á alþjóðavettvangi þar sem ákvarðanir um númerakerfi eru teknar, að teknu tilliti til hugsanlegrar framtíðarþróunar við úthlutun númera í Evrópu.
- Aðildarríkin skulu sjá til þess að innlend eftirlitsyfirvöld hafi eftirlit með setningu númerkerfa innanlands til að tryggja að þau séu óháð fyrirtækjum sem starfrækja fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu og til að auðvelda númeraflutning. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess, til að tryggja virka samkeppni,

að reglur um úthlutun einstakra númera og númeraraða séu gagnsæjar, réttlátar og skjótvirkar, auk þess sem úthlutunin sjálf skal vera hlutlæg, gagnsæ og án mismununar. Innlend eftirlitsyfirvöld geta sett skilyrði fyrir notkun tiltekinna forskeyta og stuttra kóða, einkum þar sem þau eru notuð í þjónustu í almannabágu (t.d. frínúmer, símasjálfsalar, upplýsinganúmer, neyðarnúmer), eða til að tryggja jafnan aðgang.

4. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að helstu þættir varðandi setningu innlendra númerakerfa og allar síðari tíma viðbætur eða breytingar á þeim séu birtar í samræmi við 1. mgr. 14. gr. með fyrirvara um takmarkanir af ástæðum er varða þjóðaröryggi.

5. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu hvetja til þess að eins fljótt og auðið er verði komið upp aðstöðu til númeraflutninga sem veitir þeim notendum sem þess óska möguleika á því að halda númeri sínu eða númerum, á fasta almenna símnetinu, á tilteknum stað, óháð því hvaða fyrirtæki veitir þjónustuna, og sjá til þess að þessi aðstaða sé fyrir hendi, að minnsta kosti á öllum helstu þéttbýlisstöðum, fyrir 1. janúar 2003.

Til að tryggja sanngjarnt verð til neytenda skulu innlend eftirlitsyfirvöld sjá til þess að verðlagning á samtengingu í tengslum við veitingu þessarar þjónustu sé sanngjörn.

6. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að númerakerfum og -reglum sé beitt á þann hátt að allir sem veita fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg fái réttláta og jafna meðferð. Einkum skulu aðildarríkin sjá til þess að fyrirtæki sem hefur verið úthlutað röð númera forðist ótilhlýðilega mismunun að því er varðar númeraraðir sem eru notaðar til að veita aðgang að þjónustu annarra fjarskiptafyrirtækja.

### 13. gr.

#### Tæknistaðlar

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE, þar sem kveðið er á um að gera megi framkvæmd tiltekinna Evrópustaðla að skyldu, skulu innlend eftirlitsyfirvöld sjá til þess að fyrirtæki, sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, taki fullt tillit til þeirra staðla sem tilgreint er í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* að eigi við um samtengingu.

Ef engir slíkir staðlar eru til skulu innlend eftirlitsyfirvöld stuðla að því að við samtengingu séu notaðir tæknilegir skilfletir samkvæmt eftirfarandi stöðlum eða forskriftum:

- stöðlum sem eru samþykktir af evrópskum staðlastofnunum, svo sem Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI), Staðlasamtökum Evrópu (CEN) eða Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) eða, ef engir slíkir staðlar eru til,

- alþjóðlegum stöðlum eða tilmælum sem Alþjóðafjar-skiptasambandið (ITU), Alþjóðlega staðlastofnunin (ISO) eða Alþjóðlega raftækniráðið (IEC) hafa samþykkt eða, ef engir slíkir staðlar eru til,
- innlendum stöðlum.

2. Ef með þarf getur framkvæmdastjórnin krafist þess að evrópskar staðlastofnanir setji staðla fyrir samtengingu og aðgang, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 15. gr. Birta má tilvísanir í staðla fyrir samtengingu og aðgang í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í samræmi við 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE.

### 14. gr.

#### Birting og aðgangur að upplýsingum

1. Að því er varðar upplýsingarnar sem koma fram í 7. (3. mgr.), 9. (2. mgr.), 10. og 12. (4. mgr.) gr., skulu innlend eftirlitsyfirvöld sjá til þess að nýjustu upplýsingar séu birtar á viðeigandi hátt til að hagsmunaaðilar geti átt greiðan aðgang að þeim. Tilkynna skal um það í lögbirtingablaði viðkomandi aðildarríkis hvernig slíkar upplýsingar eru birtar.

2. Að því er varðar upplýsingarnar sem koma fram í 4. (1. mgr.), 5. (3. mgr.), 5. (5. mgr.), 6. (c-lið) og 9. (3. mgr.) gr., skulu innlend eftirlitsyfirvöld tryggja að hagsmunaaðilar geti, ef þeir óska eftir því, á venjulegum vinnutíma, fengið ókeypis nýjustu upplýsingar sem um getur í þessum greinum. Tilkynna skal um það í lögbirtingablaði viðkomandi aðildarríkis hvenær og hvar hægt er að fá þessar upplýsingar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir 1. janúar 1988 - og eftir það strax og breytingar eru gerðar - um það hvernig hægt er að fá aðgang að upplýsingunum sem um getur í 1. og 2. mgr. Framkvæmdastjórnin skal reglulega birta tilvísun sem svarar til slíkra tilkynninga í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

### 15. gr.

#### Málsmæðferð í ráðgjafarnefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 90/387/EBE, hér á eftir kölluð nefndin um frjálsan aðgang að netum (ONP).

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

3. Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

16. gr.

**Málsmeðferð í stjórnarsýslunefnd**

1. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. skal eftirfarandi málsmeðferð gilda að því er varðar þau atriði sem um ræðir í 19. gr.
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. Sáttmálsins þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.
3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

17. gr.

**Málsmeðferð við lausn deilumála milli fyrirtækja sem hafa starfsleyfi frá mismunandi aðildarríkjum**

1. Með fyrirvara um:
  - a) aðgerðir sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríki getur gripið til samkvæmt sáttmálanum;
  - b) réttindi aðilans sem gripið hefur til málsmeðferðarinnar í 2. og 3. mgr., hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækis eða annarra aðila samkvæmt gildandi landslögum,

skal vera hægt að grípa til málsmeðferðarinnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., til lausnar deilumálum um samtengingu, milli fyrirtækja sem hafa starfsleyfi frá mismunandi aðildarríkjum, þegar slík deilumál eru ekki á starfssviði eins innlands eftirlitsyfirvalds sem starfar samkvæmt 9. gr.

2. Hver sá aðili sem vill leggja fram kæru á hendur öðru fyrirtæki vegna samtengingar getur kært til innlenda eftirlitsyfirvaldsins í aðildarríkinu sem hefur veitt fyrirtækinu, sem kærán beinist gegn,

starfsleyfi. Eftirlitsyfirvaldið í því ríki skal gera ráðstafanir til að leysa deiluna í samræmi við málsmeðferðina og tímamörkin sem eru sett fram í 5. mgr. 9. gr.

3. Þegar fleiri deilumál en eitt koma upp samtímis milli tveggja fyrirtækja skal viðkomandi eftirlitsyfirvald, að beiðni annars hvors deiluaðilans, leita allra leiða til að leysa þau samkvæmt meginreglunum í 1. mgr. 9. gr. innan 6 mánaða frá því að málinu var vísað til hennar. Lausn deilunnar skal fela í sér réttlátt jafnvægi milli lögættra hagsmuna beggja deiluaðila og samrýmast reglum um samtengingu í viðkomandi aðildarríki, í samræmi við lög bandalagsins.

18. gr.

**Tilkynning**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að innlend eftirlitsyfirvöld hafi nauðsynleg úrræði til að sinna þeim verkefnum sem eru tiltekin í þessari tilskipun og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir 31. janúar 1997 hvaða innlent eftirlitsyfirvald ber ábyrgð á verkefnum.
2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir 31. janúar 1997, og eftir það strax og breytingar eru gerðar, um nöfn þeirra fyrirtækja sem:
  - hafa skuldbundið sig til að veita altæka þjónustu þegar þau bjóða fram almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg og er tilgreind í 1. hluta I. viðauka, og sem hafa leyfi til að innheimta beint framlag vegna hreins kostnaðar við altæka þjónustu samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 5. gr.,
  - falla undir ákvæði þessarar tilskipunar um fyrirtæki með sterka markaðsstöðu,
  - II. viðauki gildir um.

Framkvæmdastjórnin getur krafist þess að innlend eftirlitsyfirvöld rökstyðji ástæður sínar fyrir því að flokka fyrirtæki þannig að það hafi eða hafi ekki sterka markaðsstöðu.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta nöfnin, sem um getur í 2. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

19. gr.

**Tæknileg aðlögun**

Framkvæmdastjórnin ákvarðar breytingar, sem gera þarf til að laga IV., V. og VII. viðauka tilskipunarinnar að nýrri tæknifröun eða breytingum á mörkuðum og eftirspurn neytenda, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr.

20. gr.

**Frestun**

1. Aðildarríkin, sem eru tilgreind í ályktunum ráðsins frá 22. júlí 1993 og 22. desember 1994 og eiga rétt á auknu aðlögunartímabili vegna afnáms hafta á fjarskiptáþjónustu, skulu fá frest vegna skyldna, sem um getur í 3. (1. mgr.), 3. (2. mgr.), 4. (1. mgr.), 4. (2. mgr.), 9. (1. mgr.) og 9. (3. mgr.) gr., að svo miklu leyti sem þær varða beina samtengingu milli farsímaneta viðkomandi aðildarríkis og fastra neta eða farsímaneta í öðrum aðildarríkjum, og sem um getur í 5. gr., svo lengi og að svo miklu leyti sem þau nýta sér slík aðlögunartímabil. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvort þau hyggist nýta sér þennan frest.

2. Hægt er að óska eftir fresti vegna þeirra skyldna, sem um getur í 5. mgr. 12. gr., ef hlutaðeigandi aðildarríki getur sýnt fram á að þær myndu í þingja óhóflega tilteknum fyrirtækjum eða flokkum fyrirtækja. Aðildarríkið skal greina framkvæmdastjórninni frá ástæðum þess að beðið er um frest, tiltaka hvaða dag hægt verður að uppfylla kröfurnar og fyrirhugaðar ráðstafanir til að standast þá tímaáætlun. Framkvæmdastjórnin skal taka beiðnina til athugunar og taka tillit til séraðstæðna í aðildarríkinu og þess að nauðsynlegt er að tryggja samfellu í reglusetningu í bandalaginu og skal upplýsa aðildarríkið um það hvort hún telji að sérstakar aðstæður í aðildarríkinu réttlæti frestun og, ef svo er, hve lengi sá frestur geti staðið.

21. gr.

**Samtenging við fjarskiptafyrirtæki í þriðju landi**

1. Ef athygli aðildarríkjanna er vakin á því að fjarskiptafyrirtæki í bandalaginu eigi í erfiðleikum almenns eðlis, að lögum eða í raun, með að tengjast fjarskiptafyrirtækjum í þriðju löndum, geta þau látið framkvæmdastjórnina vita af því.

2. Þegar framkvæmdastjórninni er greint frá slíkum erfiðleikum getur hún, ef þörf krefur, lagt tillögu fyrir ráðið um hæfilegt umboð til að semja um sambærileg réttindi fyrir fjarskiptafyrirtæki bandalagsins í þessum þriðju löndum. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta.

3. Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt 2. mgr., skulu vera með fyrirvara um skuldbindingar bandalagsins og aðildarríkjanna samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem við eiga.

22. gr.

**Eftirlit**

1. Framkvæmdastjórnin gefur Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, eigi síðar en 31. desember 1997 og reglulega eftir það, um það hvaða rétt fjarskiptafyrirtæki í bandalaginu hafa til samtengingar í þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin kannar hvernig til tekst með framkvæmd þessarar tilskipunar og gefur Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu reglulega, í fyrsta sinn eigi síðar en 31. desember 1999. Framkvæmdastjórnin getur krafist upplýsinga frá aðildarríkjunum vegna þessa.

Í skýrslunni skal koma fram hvaða ákvæði tilskipunarinnar þarf að aðlaga í ljósi þróunarinnar á markaðinum, tækniframfara og breytinga í eftirspurn notenda, einkum:

- a) að því er varðar ákvæði 5. gr.,
- b) til að staðfesta tímaáætlunina sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 12. gr.

Í skýrslunni fjallar framkvæmdastjórnin enn fremur um hvort hagstætt sé að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi til að sinna þeim verkefnum sem í ljós kæmi að betra væri að sinna á vettvangi bandalagsins.

23. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

24. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

25. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júní 1997.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. M. GIL-ROBLES

*forseti*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. NUIS

*forseti.*

*I. VIÐAUKI***SÉRSTÖKALMENN FJARSKIPTANET OG FJARSKIPTAÞJÓNUSTA  
SEM ER ÖLLUM AÐGENGILEG***(sem um getur í 2. mgr. 3. gr.)*

Eftirfarandi almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónusta sem er öllum aðgengileg er talin hafa mikla þýðingu á evrópskum vettvangi.

Fyrirtæki, sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða veita almenna þjónustu, sem greint er frá hér á eftir og hafa sterka markaðsstöðu, hafa sérstakar skyldur að því er varðar samtengingu og aðgang eins og tilgreint er í 4. (2. mgr.), 6. og 7. gr.

**1. hluti***Fasta almenna símanetið*

Fasta almenna símanetið er almenna sjálfvirka fjarskiptanetið sem getur flutt tal og hljóð milli nettengipunkta á föstum stöðum (bandbreidd 3,1 kHz), sem er meðal annars:

- talsími,
- símbrefasendingar í III. flokki, í samræmi við ITU-T-tilmælin í „T-röðinni“,
- gagnaflutningur á taltiðnisviði um mótald á hraða sem er að minnsta kosti 2 400 bitar/s, í samræmi við ITU-T-tilmælin í „V-röðinni“.

Aðgangur að nettengipunkti notanda er um eitt eða fleiri númer í innlendu númerakerfi.

*Fasta almenna símaþjónustan samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB frá 13. desember 1995 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu <sup>(1)</sup>.*

Föst almenn símaþjónusta merkir að notendum á föstum stöðum er boðin sú þjónusta að senda eða taka við innanlands- og millilandasímtölum og getur hún falið í sér aðgang að neyðarþjónustu (112), aðstoð talsímavaraðar, upplýsingaþjónustu, almenna símasjálfsala, þjónustu samkvæmt sérstökum skilmálum og/eða sérstakan búnað fyrir viðskiptavinum sem eru hreyfihamlaðir eða hafa félagslegar sérþarfir.

Aðgangur að notanda er um eitt eða fleiri númer í innlendu númerakerfi.

**2. hluti***Leigulínuþjónusta*

Leigulínur eru fjarskiptavirki þar sem boðið er upp á gagnsæja flutningsgetu milli nettengipunkta án þess að biðja þurfi um tengingu (tengingar sem notandi getur stýrt og eru hluti af leigulínuframboðinu). Þær geta falið í sér kerfi sem veita möguleika á sveigjanlegri notkun bandbreiddar leigulínunnar, þar á meðal tiltekna stýringar- og stjórnunarmöguleika.

<sup>(1)</sup> Stjórnartíðindi EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 6.

**3. hluti***Almenn farsímanet*

Almenn farsímanet eru almenn símnet þar sem nettengipunktur eru ekki á föstum stöðum.

*Almenn farsímaþjónusta*

Almenn farsímaþjónusta er símaþjónusta sem að öllu leyti eða að hluta er veitt með því að koma á þráðlausum fjarskiptum til eins farsímanotanda og er almennt farsímanet notað til þess að öllu leyti eða að hluta.

---

*II. VIÐAUKI***FJARSKIPTAFYRIRTÆKI SEM HAFA RÉTTINDI OG SKYLDUR TIL AÐ SEMJA UM SAMTENGINU SÍN Á MILLI TIL AÐ TRYGGJA ÞJÓNUSTU Í ÖLLU BANDALAGINU***(sem um getur í 1. mgr. 4. gr.)*

Í þessum viðauka er fjallað um þau fyrirtæki sem veita, sjálfvirkt og ósjálfvirkt, flutningsþjónustu til notenda sem önnur fjarskiptaþjónusta byggist á.

Fyrirtæki í eftirfarandi flokkum hafa bæði rétt og skyldur til að samtengjast hvert öðru, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Samtenging á milli þessara fyrirtækja fellur undir viðbótareftirlit af hálfu innlendra eftirlitsyfirlvalda, í samræmi við 2. mgr. 9. gr. Sérstök samtengingargjöld, -skilmálar og -skilyrði kunna að gilda fyrir þessa fyrirtækjaflokka í samræmi við 3. mgr. 7. gr.

1. Fyrirtæki sem starfrækja almenn sjálfvirk fjarskiptanet, fóst símanet og/eða farsímanet, og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg og ráða þar með yfir aðgangi að einum eða fleiri nettengipunktum, auðkenndum með einu eða fleiri sérnúmerum í innlenda númerakerfinu. (Sjá athugasemdir hér á eftir).
2. Fyrirtæki sem veita notendum aðgang að leigulínum á athafnasvæðum þeirra.
3. Fyrirtæki sem hafa einkarétt eða sérstök réttindi í aðildarríki til þess að starfrækja alþjóðlegar fjarskiptarásir milli bandalagsins og þriðja lands.
4. Fyrirtæki sem veita fjarskiptaþjónustu og hafa leyfi til að starfrækja samtengingu í þessum flokki, í samræmi við innlendar leyfis- eða heimildareglur í því ríki sem um ræðir.

*Athugasemdir*

Að stjórna aðgangi að nettengipunkti merkir möguleika á að hafa yfir að ráða þeirri fjarskiptaþjónustu sem notanda stendur til boða á þeim nettengipunkti og/eða möguleika á að synja öðrum þjónustuveitendum um aðgang að notandanum á þeim nettengipunkti.

Að stjórna aðgangi getur falið í sér eignarhald eða yfirráð yfir efnislegum hluta rauntengingar við notandann (hvort heldur er um þráð eða þráðlaust) og/eða möguleika á að breyta eða afturkalla eitt eða fleiri innlend númer sem þarf til að fá aðgang að nettengipunkti notandans.



*III. VIÐAUKI***ÚTREIKNINGUR Á KOSTNAÐI VEGNA ÞEIRRAR SKYLDU AÐ VEITA  
ALTÆKA TALSÍMAÞJÓNUSTU***(sem um getur í 3. mgr. 5. gr.)*

Altæk þjónusta er skylda sem aðildarríki leggur fyrirtæki á herðar og varðar starfrækslu nets og þjónustu á tilteknu landsvæði, þar á meðal - ef þess er krafist - meðaltalsgjöld fyrir þjónustu sem er veitt á því landsvæði.

Kostnaður við þá skyldu að veita altæka þjónustu skal reiknaður sem mismunur á hreinum kostnaði fjarskiptafyrirtækis sem er gert skylt að veita altæka þjónustu og kostnaði fyrirtækisins án þeirrar skyldu að veita altæka þjónustu.

Þetta gildir hvort sem netið í viðkomandi aðildarríki er komið í endanlegt horf eða enn er verið að þróa það og stækka.

Útreikning skal byggja á kostnaði vegna:

- i) þátta í viðkomandi þjónustu sem aðeins er hægt að reka með tapi eða hafa í för með sér meiri kostnað en eðlilegt getur talist í viðskiptum.

Undir þennan flokk geta fallið þjónustubættir eins og neyðarsímaþjónusta, tilteknir símasjálfsalar, tiltekin þjónusta eða búnaður fyrir fatlað fólk o.s.frv.,

- ii) tiltekinna notenda eða hópa notenda sem aðeins er hægt að þjóna með tapi eða með meiri kostnaði en eðlilegt getur talist í viðskiptum, að teknu tilliti til kostnaðar og tekna vegna starfrækslu viðkomandi nets og þjónustu og þeirra meðaltalsgjalda sem aðildarríkið ákveður á því landsvæði.

Undir þennan flokk falla þeir notendur og hópar notenda sem fengju enga þjónustu hjá rekstraraðila sem starfaði á viðskiptagrundvelli og væri ekki skylt að veita altæka þjónustu.

Á afskekktum svæðum þar sem net eru í uppbyggingu skal byggja kostnaðarútreikninga á viðbótarkostnaði við að þjóna þeim notendum eða hópum notenda sem rekstraraðili, sem fer eftir venjulegum meginreglum í viðskiptum í samkeppnisumhverfi, myndi ekki þjóna.

Taka verður tekjur með í útreikningnum á hreinum kostnaði. Reikna skal kostnað og gjöld miðað við kostnaðarspá.

---

*IV. VIÐAUKI***SKRÁ MEÐ DÆMUM UM ÞÆTTI Í SAMTENGINGARGJÖLDUM***(sem um getur í 3. mgr. 7. gr.)*

Samtengingargjöld eru þau gjöld sem samtengingaraðilum ber að greiða í raun.

Með gjaldskrármynstri er átt við meginflokka samtengingargjalda, t.d.

- gjöld til að standa straum af kostnaði við sjálfa uppsetninguna á efnislegum hlutum samtengingarinnar, byggð á kostnaði við að veita þá samtengingu sem um er beðið (sérstakan búnað og aðstöðu, samhæfisprófun, o.s.frv.),
- leigugjöld til að standa straum af kostnaði við notkun búnaðar og aðstöðu (viðhald samtenginga o.s.frv.),
- breytileg gjöld fyrir auka- og viðbótarþjónustu (t.d. aðgang að upplýsingaþjónustu, aðstoð talsímavardar, gagnasöfnun, gerð reikninga, skuldfærslu, sjálfvirkri og fullkominni þjónustu o.s.frv.),
- umferðartengd gjöld, fyrir flutning umferðar til og frá samtengda netinu (t.d. kostnaður við tengingar og flutning) sem geta verið mínútagjöld og/eða grundvallast á þeirri auknu flutningsgetu netsins sem til þarf.

Einstakir þættir gjaldskrárinnar tengjast því verði sem er ákveðið fyrir hvern netþátt eða -búnað sem samtengda aðilanum er veitt.

Gjaldskrár og gjöld fyrir samtengingu verða að samrýmast meginreglunni um kostnaðartengingu og gagnsæi, í samræmi við 2. mgr. 7. gr.

Í samtengingargjöldum getur, samkvæmt hlutfallsreglunni, verið innifalinn sanngjarn hluti af sameiginlegum og almennum kostnaði og kostnaðinum við að veita jafnan aðgang og númeraflutning og kostnaði við að tryggja að grunnkröfur séu uppfylltar (heildstæðis netsins, öryggi netsins þegar neyðarástand skapast, rekstrarsamhæfi þjónustugreina og gagnavernd.)

## V. VIÐAUKI

## REKSTRARBÓKHALDSKERFI FYRIR SAMTENGINGU

(sem um getur í 5. mgr. 7. gr.)

Í 5. mgr. 7. gr. er gerð krafa um nákvæmt rekstrarbókhald; hér á eftir fara nokkur dæmi um þætti sem hægt er að taka með í slíku bókhaldskerfi.

Tilgangurinn með því að birta þessar upplýsingar er að gera útreikninga á samtengingargjöldum gagnsæja til að aðrir markaðsaðilar geti fullvissað sig um að gjöldin hafi verið réttlátlega og rétt reiknuð.

Innlent eftirlitsyfirvald og hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtæki skulu taka tillit til þessa markmiðs við ákvörðun á því hversu nákvæmar upplýsingar skuli birta.

Eftirfarandi er skrá yfir þá þætti sem taka skal með í upplýsingum sem eru birtar.

1. *Kostnaðarstaðall sem er notaður*

til dæmis kostnaður sem dreifist að fullu, langtímaspá um meðaltalskostnaðarauka, jaðarkostnaður, beinn kostnaður, óbeinn kostnaður o.s.frv.

þar á meðal kostnaðargrunnur eða -grunnar sem eru notaðir, þ.e.

upphaflegt kostnaðarverð (byggt á raunverulegum útgjöldum vegna búnaðar og kerfa) eða kostnaðarspá (byggt á áætluðum kostnaði við endurnýjun búnaðar eða kerfa).

2. *Kostnaðarþættir í samtengingargjaldskrá*

Tilgreindir eru allir einstakir kostnaðarþættir sem samtengingargjöldin eru sett saman úr, þar á meðal hagnaðarþátturinn.

3. *Stig kostnaðarskiptingar og aðferðir við hana, einkum meðferð sameiginlegs og almenns kostnaðar*

Upplýsingar um það hve nákvæm greining beins kostnaðar er og að hvaða marki og hvernig sameiginlegur og almennur kostnaður er reiknaður inn í samtengingargjöld.

4. *Bókhaldsvenjur*

þ.e. þær bókhaldsvenjur sem farið er eftir við meðferð kostnaðar, t.d.:

- tímatafla fyrir afskriftir helstu flokka fasteigna (t.d. lands, bygginga, búnaðar o.s.frv.),
- meðferð annarra stórra útgjaldaliða, með tilliti til tekna og fjármagnskostnaðar, (t.d. vegna tölvuhugbúnaðar og -kerfa, rannsókna og þróunarstarfs, þróunar nýrra markaða, beinnar og óbeinnar uppbyggingar, viðgerða og viðhalds, fjármagnsgjalda o.s.frv.)

Breyta má upplýsingunum um rekstrarbókhaldskerfi, sem koma fram í þessum viðauka, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 19. gr.

*VI. VÍÐAUKI***MARKGILDI FYRIR VELTU Í FJARSKIPTUM***(sem um getur í 1. og 2. mgr. 8. gr.)***1. hluti**

Markgildi fyrir árlega veltu í fjarskiptastarfsemi, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., skulu vera fimmtíu milljónir ekna (50 milljón ECU).

**2. hluti**

Markgildi fyrir árlega veltu í fjarskiptastarfsemi, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., skulu vera tuttugu milljónir ekna (20 milljón ECU).

---

## VII. VIÐAUKI

## SAMNINGSRAMMI FYRIR SAMTENGINGARSAMNINGA

(sem um getur í 2. mgr. 9. gr.)

**1. hluti**

*Svið þar sem innlenda eftirlitsfirvaldið getur sett fyrirfram ákveðin skilyrði*

- a) Málsmeðferð við lausn deilumála.
- b) Kröfur um birtingu samtengingarsamninga eða aðgang að þeim og aðrar skyldur varðandi reglulega útgáfu upplýsinga.
- c) Kröfur um jafnan aðgang og númeraflutning.
- d) Kröfur um að samnýta búnað, þar á meðal sameiginlega staðsetningu.
- e) Kröfur um að tryggja að farið sé eftir grunnkröfum.
- f) Kröfur um úthlutun og notkun númerakerfis (þar á meðal aðgangur að upplýsingaþjónustu, neyðarþjónustu og samevrópskum númerum).
- g) Kröfur um að viðhalda gæðum þjónustunnar enda á milli.
- h) Þar sem við á, ákvörðun á þeim hluta sundurgreindra samtengingargjalda skal vera framlag til að standa undir netkostnaði vegna þeirrar skuldbindingar að veita altæka þjónustu.

**2. hluti**

Önnur atriði sem æskilegt er að séu hluti af samtengingarsamningum

- a) Lýsing á samtengingarþjónustunni sem veita skal.
- b) Greiðsluskilmálar, þar á meðal gerð reikninga.
- c) Staðsetningar samtengingarpunkta.
- d) Tæknilegir staðlar fyrir samtengingu.
- e) Rekstrarsamhæfisprófanir.
- f) Ráðstafanir til að tryggja að grunnkröfur séu virtar.
- g) Hugverkaréttindi.
- h) Skilgreining á og takmarkanir skaðabótaábyrgðar og -skyldu.
- i) Skilgreining á samtengingargjöldum og þróun þeirra.
- j) Málsmeðferð við lausn deilumála milli aðila áður en beðið er um afskipti innlends eftirlitsfirvalds.
- k) Gildistími og endurnýjun samninga.
- l) Málsmeðferð þegar gerðar eru tillögur um breytingar á neti eða þjónustu eins aðila.
- m) Trygging fyrir jöfnum aðgangi.
- n) Ákvæði um samnýtingu búnaðar.
- o) Aðgangur að auka-, viðbótar- og gæðaþjónustu.
- p) Umferðar-/netstjórn.
- q) Viðhald og gæði samtengingarþjónustu.
- r) Leynd óopinberra hluta samningsins.
- s) Þjálfun starfsfólks.